



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. desember 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber innkaup, 189. mál

Viðskiptanefnd Alþingis hefur sent Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra geti heimilað Ríkiskaupum að bjóða út innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins hvort sem er í samstarfi við erlenda kaupendur, miðlægar innkaupastofnanir eða eitt sér. Gilda um innkaupin þau lög sem gilda í viðkomandi landi.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins leggjast alfarið gegn þessu frumvarpi.

Tilgangur frumvarpsins er sagður að spara í innkaupum fyrir ríkisstofnanir. Í engu er þó reynt að færa rök fyrir því að svo geti orðið. Í umsögn með frumvarpinu er tekið fram að ekki hefur verið gerð sérstök úttekt á því hvað þetta gæti skilað mikilli lækkun á innkaupsverði opinberra aðila. Þó er staðhæft að verði frumvarpið að lögum þá muni það ekki hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð heldur fremur að það geti dregið úr útgjöldum þótt ekki sé hægt að sjá fyrir í hversu miklum mæli það gæti orðið. Um er að ræða huglægt mat án röksemdarfærslu sem verður að teljast veikur grunnur til að byggja á.

Samtökin telja einsýnt að kostnaður sem fylgi utanumhaldi við að kaupa og dreifa aðföngum til ríkisrekstursins sé stórlega vanmetið hjá hinu opinbera. Stjórnvöld virðast gefa sér að enginn kostnaður fylgi þessum ríkiskaupum erlendis. Hér þarf að sjálfsögðu að reikna með kostnaði við flutninga, utanumhald, lagerhald, skrifstofukostnað, dreifingu, rýrnun, viðgerðarþjónustu, öryggismál, bókhald, tryggingar, og annað sem fylgir innflutningi og dreifingu.

Samtökin telja hættu á að verði frumvarp þetta að lögum geti það orðið mikið áfall fyrir íslenskan iðnað og verslun. Gríðarlega mörg fyrirtæki eiga mikið undir viðskiptum við opinbera aðila. Ef þau viðskipti flytjast til útlanda er alveg ljóst að starfsmenn þessara fyrirtækja missa vinnuna.

Engar röksemdir eru settar fram um að samþykkt þess skili ríkissjóði eða þjóðarbúinu ávinningi og hugsanlega er verið að ríkisvæða stóran hluta af íslensku atvinnulífi auki Ríkiskaup umsvif sín án þess að þurfa að sýna fram á hagkvæmni þeirra umsvifa.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Árnason

f.h. Samtaka iðnaðarinnar

Sigurður B. Halldórsson



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Haldór Árnason



Sigurður B. Halldórsson